


Staða fráveitumála – staða viðræðna við Hafnarfjörð og stutt yfirlit yfir fráveitumál á Álftanesi

MINNISBLAÐ

Almennt

Uppbygging fráveitu í Garðabæ er með þeim hætti að Innbær tengist Skerjafjarðarveitu frá dælustöð í Arnarnesvogi og yfir í Kópavog og þaðan yfir til Reykjavíkur. Útbær sem er Álftanes og framtíðar byggingarland á Garðaholti verður dælt út á Álftanes og voru hugmyndir um að gera þar hreinsistöð. Samningur var gerður við Hafnarfjörð um móttöku á skólpi frá Uppbæ, Urriðaholti, Kaupþúni og Molduhrauni árið 2010 og var sá samningur uppseggjanlegur með árs fyrirvara. Þeim samningi var sagt upp í september 2022.



Eftir uppsögn á þeim samning var ákveðið að tengja Uppbæinn við fyrirhugaða hreinsistöð á Álftanesi með dælustöð í Ásahverfi.

Undirbúningur vegna þessa hefur verið í vinnslu frá þeim tíma sem uppsögn barst. Í þeirri vinnu hefur verið til skoðunar allar mögulegar útfærslur og þá hvort allur Garðabær og jafnvel nágrannasveitafélög gæti einnig tengst fyrirhugaðri hreinsistöð. Viðræður hefa verið við nágrannasveitafélög og Veitur sem reka Skerjafjarðarveitu. Samarið 2023 koma fram efasemdir frá Veitum um að með vaxandi kröfum um

hreinsun samkvæmt nýrri tilskipun frá Evrópusambandinu að þá sé það ekki hagkvæmt að vera með margar minni hreinsistöðvar heldur eigi að horfa til að byggja stærri stöðvar til að safna skólpinu saman á færri staði. Á þessum tímapunkti er ekki vitað nákvæmlega hvernig kröfur nýrrar reglugerðar verða en líklegt er að krafa verði gerð um meiri hreinsun heldur en 2.stigs hreinsun. Mögulega verður krafa um allt að 4.stigs hreinsun en almennt var áður litið á að 2.stig hreinsun væri nægjanleg. Þessi breyting veldur því að huga þarf uppbyggingu fráveitukerfa og hreinsistöðva þannig að þær fullnægi kröfum framtíðarinnar.

Staðan í dag er því þannig að viðræður eru í gangi við Veitur um að taka á móti fráveitu frá Útbæ með sjólögn yfir Skerjafjörð sem og við Hafnarfjörð um að áframhaldandi móttöku á skólpi frá Uppbæ. Ráðgjafi hefur verið fenginn til að meta rýmdina og hvaða framkvæmdir þarf að fara í til þess að það geti gengið.

Í millitíðinni er verið að undirbúa tímabundna 1. þrepa hreinsunarstöð á Álftanesi þar til sjólögn verður samþykkt en sú stöð mun ekki nægja þegar auknar kröfur á hreinsun verða samþykktar eða þegar að full uppbygging á Garðaholti verður komin. Tímabundna hreinsistöðin á Álftanesi mun hafa afkastagetu til að taka á móti hluta af því skólpi sem áætlað er að streymi frá Garðaholti en ef uppbyggingamagn verður meira en áætlað er þá þarf að fara í tengingu að Skerjafjarðarveitu.

Tímabundna hreinsistöðin mun virka sem dælustöð til framtíðar þegar skólpi verður dælt yfir til Skerjafjarðarveitu.